

Alþingi
Erindi nr. P 143/1410
komudagur 4.4.2014



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2014

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um gjaldskrárlækkanir o.fl., 315. mál

Starfsgreinasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á lögum sem leiða til gjaldskrárlækkana. Frumvarpið er sprottið af yfirlýsingu sem ríkið gaf í tengslum við kjarasamninga sem undirritaðir voru í desember. Það var alger forsenda fyrir því að samningar næðust á þeim tímapunkti að ríkið lofaði að leggja sitt af mörkum til að stemma stigu við verðbólgu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga fólst einnig breytingar á skattkerfinu en því miður tóku þær ekki mið af þörfum hinna lægst launuðu á vinnumarkaðnum heldur var einungis miðþrepinu í tekjuskattkerfinu breytt. Þá var í yfirlýsingunni viljrði um að gjaldskrár ríkisins væru ekki hækkaðar umfram verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands sem er 2,5%.

Það þarf varla að hafa mörg orð um afdrif kjarasamninganna; þeir voru felldir í flestum aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins. Eftir að úrslit lágu fyrir fór fram rýnivinna innan félaganna um niðurstöðuna og af hverju samningarnir voru felldir víðast hvar. Útkoma úr þeirri vinnu sýnir svo ekki sé um villst að samningarnir féllu meðal annars á vantrausti á því að ríkið stæði við sínar skuldbindingar. Um svipað leiti og kjarasamningarnir voru undirritaðir voru gjaldskrár í heilbrigðisþjónustunni hækkaðar verulega, í sumum tilvikum um tugi prósent. Það ásamt tregðu til að breyta skattkerfinu þannig að lægst launaða fólkið á vinnumarkaði nyti góðs af var stór hluti ástæðu þess að samningarnir voru felldir. Í upphafi árs komu formenn aðildarfélaga Starfsgreinasambandið saman og ályktuðu meðal annars:

„Þær gjaldskrárhækkanir sem tóku víða gildi um áramót voru í hrópandi ósamræmi við nýgerða kjarasamninga og urðu til þess að draga úr trú launafólks á að takast mætti að halda niðri verðbólgu og auka kaupmátt. Þá hafa félög innan Starfsgreinasambandsins haldið til haga kröfu um hækkun persónuafsláttarins eða að skattabreytingar kæmu með öðrum hætti þeim tekjulægstu til góða. Ríkisvaldið verður að kannast við sinn hluta ábyrgðarinnar á að friður ríki á vinnumarkaði. Formenn Starfsgreinasambandsins krefjast þess að samtök launafólks eigi aðkomu að gjaldskrárbreytingum og leggja áherslu á að létt sé álögum af fólki sem þarf að nýta sér heilbrigðisþjónustu.“ (úr ályktun formannafundar Starfsgreinasambands Íslands frá 7. febrúar 2014)

Heilbrigðisþjónusta er ekki valkvæð og það eru vísbendingar um að fólk sé farið að veigra sér við að sækja heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar. Slík staða er algerlega óásættanleg. Gjaldskrár eru sjaldnast tekjutengdar og koma því hart niður á fólki með lægstu tekjurnar. Það er forgangsmál að lækka gjaldskrár í heilbrigðisþjónustu.

Ríkisvaldið getur haft mikil áhrif á kjör landsmanna í gegnum skattkerfið, tekjutengingar og opinber gjöld. Með þessari miklu ábyrgð kemur möguleiki til að stuðla að friði á vinnumarkaði með samráði við samningsaðila. Að mati Starfsgreinasambandsins hefur ríkið ekki nýtt sér þessi áhrif og hefur það haft alvarlegar afleiðingar á kjaradeilur. Það frumvarp sem nú er til umfjöllunar er dæmi um breytingar sem lagðar eru til án nægjanlegs samráðs.

Það kemur tekjulægstu hópunum betur til góða að lækka gjaldskrár í heilbrigðiskerfinu heldur en að lækka skattheimtu á áfengi, tóbak og orkugjafa. Það er alls óvíst að þær lækkanir sem lagðar eru til í frumvarpinu skili sér að fullu til neytenda og hafi þannig tilætluð áhrif á vísitölu og verðbólgu. Beinar gjaldskrárlækkanir á nauðsynlegri grunnþjónustu skila sér hins vegar beint til þeirra sem þurfa á því að halda. Starfsgreinasambandið leggur því til að frumvarpið verði endurmetið og það svigrúm sem ríkissjóður telur sig hafa til að lækka álögur verði nýtt að hluta til að lækka gjaldskrár í heilbrigðisþjónustunni.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.

Aðildarfélag SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, VI og sjómf Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-Iðja, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Bárán stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, VI og sjómf Keflavíkur og nágrennis (VSFK), VI og sjómf. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.